

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna
eftirlits með skipum nr. 153/1994.

1. gr.

4. tölulíður 1. gr. orðast svo:
Fullnægja skilyrðum ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðmiðunarreglur vegna
leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa á vegum stjórnvalda nr. A.739(18) sem samþykkt var 4. nóvember 1993
og viðauka við þá ályktun nr. A.789(19) um forskriftir hvað varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra
stofnana sem starfa á vegum stjórnvalda.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum,
öðlast þegar gildi.

Hliðsjón hefur verið höfð af tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og
staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (sjá
ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 30/95, en tilskipunin var birt í EES-viðbæti nr. 43/44, 16. nóvember
1995, bls. 44). Þessari tilskipun var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB frá 26. september
1997 (sjá ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 33/98, en tilskipunin var birt í EES-viðbæti nr. 48, 19.
nóvember 1998, bls. 247).

Samgönguráðuneytinu, 20. maí 1999.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu
Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.